

# 10. bekkur

Skólanámskrá Víðistaðaskóla  
Námssvið og námsgreinar



Skólaárið 2022- 2023

Skólanámskrá Víðistaðaskóla.

Útgefin 2022.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf) og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður:** Hafnarfjörður.

**Ábyrgð:** Hrönn Bergþórsdóttir (skólastjóri Víðistaðaskóla)

**Útgefandi:** Víðistaðaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Hrauntunga 7

220 Hafnarfjörður

netfang: [vidistadaskoli@vidistadaskoli.is](mailto:vidistadaskoli@vidistadaskoli.is)

veffang: <http://www.vidistadaskoli.is>



## Efnisyfirlit

I. Skólastarf 10. bekkjar .....	5
I.1. Samantekt kennslu í 10. bekk.....	6
I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk.....	7
I.3. Kennsluáætlunir, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. Bekk.....	9
I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	10
I.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi .....	11
II. Náms svið og námsgreinar.....	12
Lykilhæfni .....	13
1. Íslenska.....	16
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf.....	19
1.2. Lestur og bókmenntir.....	20
1.2. Ritun .....	21
1.4. Málfræði.....	22
2. Erlend tungumál.....	24
2.1. Enska.....	25
2.2. Danska.....	28
3. List- og verkgreinar.....	31
A. hluti - listgreinar:.....	31
B. hluti - verkgreinar:.....	32
4. Náttúrugreinar .....	33
4.1 Náttúrufræði.....	35
5. Samfélagsgreinar .....	38
5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði.....	39
5.2. Jafnrétti og lífsleikni.....	40
5.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði.....	41
6. Skólaíþróttir.....	44
6.1. Íþróttir .....	45
6.2. Sund.....	46
7. Stærðfræði .....	48





8. Valgreinar .....	54
Lokaorð.....	58



## I. Skólastarf 10. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu. Unnið er samkvæmt markmiðum [aðalnámskrár grunnskóla](#). Í skólanámskrá eru þau viðmið sem lögð eru til grundvallar á mati á námshæfni nemanda í lok árgangs.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



**I. I. Samantekt kennslu í 10. bekk**

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	6
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	4 3
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar: 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) og tónmennt  B Verkgreinar: sem hluti af valgreinum nemenda  Alls:	2  0  2
4. Náttúrugreinar	4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störnufraði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	4
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	5
7. Stærðfræði	7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Val	8. Valgreinar	4
	Alls	37

## I.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir. Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Að efla jákvæða sjálfsmynd</li> <li>● Að stuðla að hreyfingu</li> <li>● Að auka meðvitund nemenda um næringu</li> <li>● Að stuðla að andlegri vellíðan</li> <li>● Að stuðla að góðum samskiptum</li> <li>● Að efla vitund um kynheilbrigði</li> <li>● Að auka skilning á eigin tilfinningum og annarra</li> </ul>
JAFNRÉTTI:	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Að allir fái nám við hæfi</li> <li>● Að koma til móts við þarfir hvers og eins</li> <li>● Að kenna nemendum að setja sig í spor annarra</li> <li>● Að kenna nemendum um fjölmenningu</li> <li>● Að kenna nemendum um jafnrétti kynjanna</li> <li>● Að fagna fjölbreytileikanum</li> </ul>
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Að efla vitund nemenda á mannréttindum</li> <li>● Að stuðla að hópavinnu</li> <li>● Að hvetja nemendur til að hafa skoðanir og tjá þær</li> <li>● Að auka siðferðisvitund</li> <li>● Að stuðla að gagnrýnni hugsun og ígrundun</li> <li>● Að stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu</li> <li>● Að nemendur þekki réttindi sín og skyldur</li> <li>● Að nemendur beri umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi</li> <li>● Að nemendur geti valið nám eftir áhugasviði</li> </ul>

Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
LÆSI:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að efla tölvu- og tæknilæsi</li> <li>• Að nemandi læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt</li> <li>• Auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt</li> <li>• Að efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju</li> <li>• Að leggja áherslu á túlkun ýmissa myndrita</li> <li>• Að efla menningarlæsi</li> </ul>
SJÁLFBÆRNI:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að kenna nemendum hugtakið „Sjálfbærni“</li> <li>• Að stuðla að umhverfisvænni hugsun (grænfáni)</li> <li>• Að kenna nemendum að vera meðvitaðir um áhrif sín á umhverfið</li> <li>• Að stuðla að fræðslu um neyslu og fjármál</li> <li>• Að kenna nemendum um vistkerfið sem við búum í</li> </ul>
SKÖPUN:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur geti tekið þátt í skapandi vinnu</li> <li>• Að nemendur geti skapað í riti og máli</li> <li>• Að nemendur geti sett upp sýningar og komið fram</li> <li>• Að stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum</li> <li>• Að stuðla að samþættingu námsgreina</li> </ul>





### I.3. Kennsluáæstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. Bekk

#### **i. Kennsluáæstæður**

Námsgreinar eru kenndar í stofum viðkomandi kennara. Fyrirlestrasalur er notaður þegar árgangurinn er saman eða þegar gestafyrirlesari kemur. Nemendur vinna einstaklingsvinnu, þaravinnu og hópvinnu.

#### **ii. Kennsluáætlanir**

Kennsluáætlanir er að finna í Mentor og á heimasíðu skólans [www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is). Símat fer fram allt skólaárið.

#### **iii. Náms- og kennslugögn**

Kennslubækur, ritföng og önnur skólagögn eru nemendum að kostnaðarlausu.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</li><li>• Aðgangur að tölvum, spjöldum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</li></ul>
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá þau ritföng sem þarf til starfsins í upphafi skólaárs. Hver nemandi ber ábyrgð á því sem hann fær afhent.</li></ul>



#### I.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Foreldrar eru boðaðir til haustfundar í september og skólastarf vetrar kynnt. Í október og febrúar eru foreldrar/forráðmenn boðaðir í foreldrasamráð (viðtal), ásamt barni þeirra.

Á hverjum föstudegi fá foreldrar póst um ástundun nemanda.

Heimanám er aðgengilegt í Mentor og upplýsingar um námsmat eru birtar í Mentor jafnóðum yfir skólaárið.

Bekkjartenglar eru fyrir hvern bekk og sjá þeir um aðrar upptakomur bekkjarins.



## I.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. **Leiðsagnarmat.**

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

- Símat – þar sem vinna nemenda er reglulega metin út frá gefnum markmiðum.
- Kaflapróf
- Verkefni metin
- Heimavinna

### b. **Stöðumat.**

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

### b. **Lokamat:**

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.



## II. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í sjö skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



## Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilorðir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilorð fyrir sig. Fyrir hvern lykilorð eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilorð sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

### a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilorð og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

Lykilorðir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilorð. Við lok skólaárs geti nemandi:	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar á skipulegan og viðeigandi hátt</li> <li>brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða</li> <li>rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn</li> <li>notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margs konar umfjöllunarefni</li> <li>nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni</li> </ul>	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum af öryggi og gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran og greinagóðan hátt. Notað ólíka miðla jafnan af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert skýra grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla á viðeigandi hátt við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> <li>spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna</li> <li>skilgreint og rökstutt viðmið um árangur</li> </ul>	Spurt gagnrýnina og rannsakandi spurninga og farið eigin leiðir við úrvinnslu verkefna. Gert skýra og vel	Spurt rannsakandi spurninga og sýnt sjálfstæði við úrvinnslu verkefna. Gert skýra og nokkuð vel	Spurt spurninga og unnið af nokkru sjálfstæði við úrlausn verkefna. Gert grein fyrir hvað liggur að baki



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika</li> <li>• tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu</li> <li>• beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt</li> </ul>	<p>rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af gagnrýni með upplýsingar og dregið rökstuddar ályktanir, sýnt frumkvæði og beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.</p>	<p>rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af gagnrýni með upplýsingar, dregið ályktanir, skapað eigin merkingu, beitt nokkuð vel mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.</p>	<p>árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið með upplýsingar, skapað að vissu marki eigin merkingu, beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna</p>
<b>SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum</li> <li>• gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd</li> <li>• unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla</li> <li>• verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð á útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum.</li> <li>• tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram</li> <li>• nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi</li> </ul>	<p><b>Jafnan sýnt</b> frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, borið ábyrgð á og tekið virkan þátt í samstarfi á uppbyggilegan hátt. Af öryggi tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.</p>	<p><b>Sýnt</b> frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, sýnt ábyrgð og tekið nokkuð virkan þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið nokkuð virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.</p>	<p><b>Sýnt nokkurt</b> frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft nokkurt frumkvæði, sýnt vissa ábyrgð og tekið þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram gagnrýni á ábyrgan hátt og tekið þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.</p>
<b>NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga í tengslum og til stuðnings við nám sitt</li> <li>• notað sjálfstætt og í samvinnu við aðra fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu og upplýsinga og hugmynda</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgðar</li> </ul>	<p><b>Af öryggi</b> nýtt sér á ábyrgan, gagnrýninn, skapandi og uppbyggilegan hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á gagnrýninn og skapandi hátt.</p>	<p><b>Af nokkru öryggi</b> nýtt sér á ábyrgan, gagnrýninn, skapandi og uppbyggilegan hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á gagnrýninn og skapandi hátt.</p>	<p><b>Að vissu marki</b> nýtt sér á ábyrgan, skapandi og uppbyggilegan hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á skapandi hátt.</p>

	netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum			
<b>ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd</li> <li>• sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist</li> <li>• skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri</li> </ul>	Með hliðsjón af styrkleikum sínum, nýtt sér <b>mjög vel</b> hæfniviðmið í námi, unnið sjálfstætt og jafnan sett sér skýr, raunhæf markmið. Borið ábyrgð á eigin námi og af öryggi metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.	Með hliðsjón af styrkleikum sínum, nýtt sér <b>nokkuð vel</b> hæfniviðmið í námi og sett sér raunhæf markmið. Borið ábyrgð á eigin námi og metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.	Með hliðsjón af styrkleikum sínum, <b>að vissu marki</b> nýtt sér hæfniviðmið og sett sér markmið. Borið nokkra ábyrgð á eigin námi og að vissu marki metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.



**I. Íslenska**

Námshæfni – viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í íslensku</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Talað mál, hlustun og áhorf:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.</li> <li>• nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.</li> <li>• nýtt sér fjölmiðla og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.</li> </ul>		x	
<i>Lestur og bókmenntir:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi og lesið þá með gagnrýnu hugarfari.</li> <li>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi með lestri námsefnis og sjálfvöldu yndislestrarefni.</li> <li>• greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Kynnist Íslendingasögum, nútímaskáldsögum og ljóðum yngri og</li> </ul>	x	x	x
			x	x
		x	x	x
		x	x	





<p>eldri höfunda</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, sjónarhorn og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð. Þekki hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn og persónusköpun.</li> <li>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. Þekki t.d. hugtökin: rím, stuðla, mynd, líkingar,</li> <li>• valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</li> </ul>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>
<p><i>Ritun:</i> Við lok árgangs geti nemandi;</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.</li> <li>• beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu</li> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.</li> </ul>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>	<p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p> <p>x</p>



<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.</li> </ul>	x	x	x
<p><i>Málfræði:</i> <i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</li> <li>• gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</li> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra. Þekki grunnhugtök í setningafræði; setningahluta, setningar, aðal-og aukasetningar, málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Þekkt til helstu framburðarmállyskna. Þekki algengar hljóðbreytingar í íslensku.</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt.</li> <li>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.</li> </ul>	x	x	x

## I. I. Talað mál, hlustun og áhorf

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- **Talað mál og framsögn**  
*Samræður, umræður, tjáning, kynningar, upplestur. Þjálfun í framsögn á fjölbreyttum textum.*
- **Hlustun og áhorf**  
*Hlusta á flókin fyrir mæli, geta nýtt sér ýmiss konar myndefni í tengslum við námið.*

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Logar*
- *Grafarþögn*
- *Ungfrú Ísland*
- *Maður sem heitir Ove*
- *Ljóð*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur æfa sig í fyrirframgefnu efni og tjá sig um það*
- *Nemendur flytja bókmenntatexta og gera grein fyrir þeim*
- *Nemendur tjá skoðanir sínar um eigin verk og annarra*
- *Nemendur kynna fyrir öðrum niðurstöður ýmissa verkefna*
- *Nemendur velja efni til flutnings úr dagblöðum, bókum o.fl.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur velja efni við hæfi*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

#### a. Lykilhæfni:

- *Nemandi gerir munnlega grein fyrir heimildum sem hann hefur nýtt sér við verkefnavinnu*
- *Nemendur gera grein fyrir hlutverki sínu í samstarfi við aðra*

#### b. Námsþæfni:

- *Nemandi fær metna kynningu sína sem hluta af öðru námsmati*
- *Fram fer jafningjamat þar sem nemendur meta flutning hver annars*



## I.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### **i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Bókmenntir frá ýmsum tímum og af ýmsum gerðum s.s. skáldsögur og ljóð.
- Notkun orðabóka og annarra miðla
- Lesskilningur
- Útdráttur

### **ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Grafarþögn
- Ungfrú Ísland
- Maður sem heitir Ove
- Logar
- Ljóð

### **iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennari fer yfir efnið og leiðir umræðu frá töflu
- Kennari skrifar helstu áhersluatriði á töflu
- Nemendur vinna einstaklingslega og saman ákveðin verkefni
- Nemendur vinna hópverkefni sem koma inn í námsmat
- Nemendur hraðlesa bækur og gera grein fyrir þeim skriflega og munnlega
- Nemendur gera útdrátt úr helstu viðfangsefnum og kynna fyrir öðrum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá bækur við hæfi. Þeir sem ljúka bókum fyrr en aðrir velja sér bækur til lestrar
- Nemendur sem ekki geta unnið með námsefni hópsins fá léttlestrarbækur og vinna verkefni í tengslum við þær.
- Annað efni s.s. lesskilningsverkefni og aðrir textar eru miðaðir við hvern og einn

### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:



**a. Lykilhæfni:**

- *Nemandi ber ábyrgð á vinnu sinni og að halda saman verkefnum sínum*
- *Nemandi vinnur í samstarfi við aðra og ber ábyrgð á þátttöku sinni þar*
- *Nemandi ber ábyrgð á vinnu sinni í tímum og heimavinnu*
- *Nemandi ber ábyrgð á verkefnaskilum sínum*

**b. Náms hæfni:**

- *Nemandi vinni heimaverkefni sem metin eru til einkunnar*
- *Nemandi vinni ritgerðir sem metnar eru til einkunna*
- *Nemandi vinni útdrætti sem metnir eru til einkunna*
- *Nemandi taki þátt í hópvinnu*

**I.2. Ritun****i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- *Ýmiss konar ritunarvinna, stuttir og langir textar í tengslum við bókmenntir, reynsluheim þeirra o.fl.*

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Orðabækur*
- *Logar*

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Kennari leiðbeinir um helstu viðfangsefni ritunar*
- *Kennari bendir á gögn til upplýsingar um ólíkar ritunarleiðir*
- *Nemandi vinni í skólanum og heima einstaklingslega eða í hópi*
- *Ferliritun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Lengd ritana er breytileg eftir getu nemenda*

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

**a. Lykilhæfni:**

- *Nemandi þarf að bera ábyrgð á verkefnaskilum*



- Nemendur öðlist öryggi í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli og geta gengið frá texta á tölvutæku og handskrifuðu formi.
- Nemandi sýni heiðarleika í skrifum sínum og byggi á eigin hæfni en ekki annarra

**b. Náms hæfni:**

- Nemandi geti nýtt sér útskýringar í orðabókum og kennslubókum þegar þeir eru í vafa um rithátt einstakra orða og öðlist góða tilfinningu fyrir byggingu ritgerðar, setningaskipan, skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar
- Nemandi tileinki sér fjölbreyttan orðaforða og blæbrigðaríkan stíl
- Nemandi tileinki sér vandvirkni og góðan frágang

**I.4. Málfræði**

Tímafjöldi: 2 x tímar á viku (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðflokkar og einkenni þeirra
- Orðmyndun
- Setningarfræði
- Hljóðfræði: Málhljóð, mállyskur, hljóðbreytingar

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Logar
- Ýmis fjölrít t.d. hljóðfræði, setningarfræði
- Málvísir

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

**Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla ) fram á eftirfarandi hátt:**

- Innlögn frá kennara
- Hópvinna
- Einstaklingsvinna nemenda
- Heimavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Aðlagð námsefni í báðar áttir m.a. í samvinnu við sérkennara
- Valin verkefni

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Nemandi geti bætt þekkingu sinni í sjálfstæðri vinnu*
- *Nemandi geti unnið með öðrum*
- *Nemandi beri ábyrgð á vinnu sinni í tímum og heimavinnu*
- *Nemandi geti nýtt sér reglur málfraeðinnar í ræðu og riti*

b. Náms hæfni:

- *Nemandi geti tekið skrifleg próf*
- *Nemandi geti skilið og nýtt sér máfræðireglur*
- *Nemandi geti skilið og nýtt sér reglur um setningarfræði*



## 2. Erlend tungumál

Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Hlustun:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan náms- og þekkingarsviðs hans.</li> <li>• fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum.</li> <li>• hlustað eftir nákvæmsum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim</li> </ul>	x	x	
<i>Lesskilningur:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum</li> <li>• lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum.</li> <li>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki.</li> <li>• lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</li> </ul>	x	x	x
<i>Samskipti:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum.</li> <li>• sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, skiljanlegum framburði, áherslum og hrynjandi.</li> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum.</li> <li>• tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>	x	x	x
<i>Frásögn:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi;</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir.</li> <li>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> <li>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>	x	x	x





<b>Ritun:</b> <i>Við lok árgangs geti nemandi;</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á.</li> <li>• sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar.</li> <li>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>• leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul>	x	x	
		x	x	x
		x	x	x
<b>Menningar-læsi:</b> <i>Við lok árgangs geti nemandi;</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir til mannlífs og menningar á helstu ensku málsvæðunum.</li> <li>• getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins</li> </ul>	x		
		x	x	

## 2.1. Enska

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

<b>Efnisþættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í ensku</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<b>Hlustun:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra</li> <li>• fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum og geta sagt frá og unnið úr því</li> <li>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim</li> </ul>	X	X	
		X	X	
		X	X	
<b>Lesskilningur:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt</li> <li>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra</li> <li>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu</li> <li>• lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi</li> </ul>	X	X	
		X	X	
		X	X	
<b>Samskipti</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum</li> <li>• sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, skiljanlegum framburði, áherslum og hrynjandi</li> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í</li> <li>• tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda</li> </ul>	X	X	
<b>Frásögn:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða með í námi sínu</li> <li>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi</li> <li>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra</li> </ul>	X	X	
<b>Ritun:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar</li> <li>• Skrifað lipra samfellda texta, bæði formlega og óformlega</li> <li>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu</li> <li>• Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndaflíð njóta sín</li> </ul>	X	X	
<b>Menningarlæsi:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði</li> <li>• Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins</li> </ul>			
<b>Námshæfni:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við</li> <li>• Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi</li> <li>• Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit</li> </ul>			

til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja			
• Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, ss. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, leitarforrit og umgengist það af gagnrýni			

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur
- Hlustun
- Málnotkun
- Ritun
- Talþjálfun

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Spotlight 10* lesbók
- *Spotlight 10* vinnubók
- *Skáldsögur (The Wave, Misery)*
- *Stories smásöguhefti*

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Innlögn*
- *Hópavinna*
- *Heimavinna*
- *Kynningar*
- *Hlustun*
- *Talþjálfun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Möguleiki á að fá léttari léttlestrabækur*
- *Málfræði A,B,C fyrir nemendur sem þurfa betri grunn*
- *Getumiklir nemendur geta verið í fjarnámi í framhaldsskóla*
- *Auka ítarefni fyrir getumeiri nemendur*

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *Að nemandi geti nýtt þekkingu sína við ýmis verkefni*



- Að nemandi geti unnið sjálfstætt
- Að nemandi getur unnið með öðrum
- Að nemandi beri ábyrgð á heimanámi sínu

**b. Náms hæfni:**

- Skrifleg próf
- Hlustunarpróf
- Hópverkefni
- Fyrirlestrar
- Kynningar
- Ritánir
- Munnleg próf
- Ritgerð

**2.2. Danska**

<b>Efnisþættir:</b>	<b>Viðmið um náms hæfni í dönsku</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<b>Hlustun:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti</li> <li>• fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt</li> <li>• hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum</li> </ul>	X	X	
		X	X	
		X	X	X
<b>Lesskilningur:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða</li> <li>• skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra</li> <li>• fundið lykilupplýsingar í texta</li> <li>• lesið sér til gagn auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki</li> </ul>	X	X	
		X	X	
		X	X	X
<b>Samskipti</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt sé málið í samskiptum í kennslustundum</li> </ul>	X	X	
<b>Frásögn:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig um daglegt líf</li> <li>flutt og undirbúið kynningu á tilbúnu eða frumsömdu efni</li> </ul>	X	X	
		X	X	X
<b>Ritun:</b>	<b>Við lok árgangs geti nemandi;</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>skrifað stuttan texta um efni sem hann þekkir</li> </ul>	X	X	

Tímalfjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Málnotkun
- Lestur
- Hlustun
- Ritun
- Samskipti og talþjálfun
- Menningarläsi

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ekko-Lesbók, vinnubók og hlustunarefni.
- Málfræðiefni.
- Léttlestrarbók
- Kvikmyndir
- Ritunarverkefni.
- Efni af vefnum
- Ýmis forrit til tungumálakennslu

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Lestur námsefnis
- Myndbönd
- Vinnubókarvinna
- Umræður
- Skapandi verkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:



- Nemendur sem búið hafa í Danmörku og eru tvítyngdir fá námsefni við hæfi.

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

•Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

**a. Lykilhæfni:**

- Frammistaða og þátttaka í tímum metin.
- Munnlegar og skriflegar umsagnir.

**b. Náms hæfni:**

- Skrifleg próf
- Munnleg próf
- Hlustunarpróf
- Hópverkefni
- Kynningar
- Ritanir
- Samvinna og hópavinna
- Nemendur með lestraörðugleika fá stuðning.
- Lögð eru fyrir skapandi verkefni við hæfi hvers og eins.



### 3. List- og verkgreinar

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

#### A. hluti - listgreinar:

##### 3.1. Sviðslistir – dans, leiklist og tónmennt

###### **i. Viðfangsefni í náminu**

